

# Thorvaldsen kemur heim til Íslands

og lét höggva í marmara. Hann dvaldist á Ítalíu næstum alla manndómsævi sína og undi þar vel hag sínum, nefndi fæðingardag sinn þann dag sem hann kom fyrst þangað. Ítalskur var hann þó aldrei. Hann var danskur, en um leið íslenskur, og þetta er svo einfalt og augljóst sem verða má. Hið rétta er að eigna hann báðum þjóðum, þó hvorri með sínum hætti. Thorvaldsen er líka nógu mikill til þess að tvær þjóðir megi vel deila honum með sér eða eiga hann í sameiningu."

Ég spyr frú Helsted hvaða verk sýningarinnar á Íslandi sé þekktast.

"Já, eins og ég sagði fyrst eru þetta bæði verk unnin af Thorvaldsen og einnig hans persónulegu munir. Af þessum 75 verkum eftir hann fer mest fyrir fjórum marmaramyndum. Það er Heba, sem er um einn og hálfur metri að hæð, Amor og Psykke, sem er fremur stór stytta, Ganymedes-mynd Listasafnsins og Hin dansandi stúlka, sem er stærst. En þekktasta verkið er án efa Nótt og Dagur sem Thorvaldsen gerði nokkur þör af. Eitt er hér niðri í safninu, fast í veggnum. En þær myndir sem fara til Íslands hafa verið í langtíma láni hjá Victoria and Albert Museum í Lundúnum og fara þangað aftur að sýningu lokinni. Þetta eru afar vel gerðar myndir og jafnvel betur gerðar lágmyndir en þær sem hér eru fastar í vegg safnsins. Nóttin er e.t.v. frægari, en þessar tvær myndir eru þekktustu munir sýningarinnar. En um leið eru myndirnar þekktustu verk Thorvaldsens ásamt Kristisstyttunni í Frúarkirkjunni hér í Kaupmannahöfn."

Og hver er staða Thorvaldsens nú?, spyr ég frú Helsted.

"Thorvaldsen ris sem klettur. Hann var að visu frægari í lifanda lífi, en hann stendur óhagganlegur í danski list. Og í heimslífinu. Thorvaldsen vill hafa mikla ró yfir höggmyndum sínum. Hann sleppir smáatriðunum. Stíll hans er strangur, en náttúrulegur. Verkin eru í fornrómverskum anda. Líkaminn er tignaður sem fagur og fullkominn. Og ekkert er hulið. Á tímum Thorvaldsens áttu hlutirnir að vera fullgerðir. Þá tíðkaðist ekki að halda upp á ófullgerðar teikningar eða skissur. Og það er því fyrst nú sem gildi uppdráttu Thorvaldsens að höggmyndum er viðurkennt. Það er þó vafamál, hvort hann er færari teiknari en höggmyndasmiður. Það fer eftir smekk manna. En hann var nákvæmur og næmur myndhöggvari eins og t.d. lágmyndin Nóttin sýnir. Teikningar hans eru mjög frjállega teiknaðar og líkjast því ekki höggmyndunum sem hann gerði eftir þeim. Eftirmenn Thorvaldsens breyttu út af stíl hans. Myndir þeirra voru meira í smáatriðum og urðu þá um leið raunsærri. H.W. Bissen hét einn lærisveina Thorvaldsens, en hann gerði t.a.m. Sveitahermanninn og mynd af Friðriki sjötta sem stendur í Fredriksberg Have, ásamt myndinni af Friðrik sjöunda fyrir framan Kristjánsborgarhöll. Við lítum þó ekki á hreyfingu í höggmyndalist sem þróun. Með orðinu þróun er gefið í skyn að eitthvað betra og fullkomnara leiði af einhverju sem er ekki eins fullkomið og vel gert. Við lítum því á hreyfinguna í höggmyndum sem breytingu. Marmarataekni næstu kynslóðar á eftir Thorvaldsen var frá honum komin, svo og viðhorf til þess hvað væri fagurt og hvaða drætti bæri að hefja fram."

Thorvaldsen var nýklassiker. Með endurreisninni var horfið aftur til menningar fornaldar og sú hreyfing lifði áfram í barokk-listinni. En myndverkin urðu flókin. „Það sem nú var þörf fyrir voru

lýsingar á frumeðli og tilfinningum mannsins. Talið var að verkið gæti boðað eilífan sannleik og höfðað til manna aðeins ef það var fært í fornan búning sem hæfi það yfir stund og stað. Á ytra borðinu var þar með komist frá hinu einstaklingsbundna og að hinu algilda. Til að hugmyndir þessar hefðu einhver áhrif varð að klæða þær í einfaldan búning. Mannlíkaminn skyldi sýndur í fögrum og samræmdum hreyfingum þar sem hinn andlegi boðskapur kæmi í ljós. Óþarfa smáatriðum sem gætu haft truflandi áhrif var svo til sleppt. Þessi breyting í átt að stílhreinni og einfaldari formum í listum gerðist á löngum tíma á síðasta þriðjungi 18. aldar." Svo kemst Eva Henschen að orði í sýningarritinu.

Þessi breyting nefndist Hinn sanni stíll, en síðar Nýklassík. Á tímum Thorvaldsens lifði á Ítalíu maður að nafni Antonio Canova. Hann var einn af frumherjum þessara stefnu og hefur list hans ugglaust kynnt Thorvaldsen fyrir hinna fornrómversku list í búningi Nýklassíkur. „Er Canova lést árið 1822 var Thorvaldsen talinn eftirsóttastur og frægastur myndhöggvara Evrópu. Í verkum sínum stefndi Thorvaldsen að enn einfaldari formum í fornum anda og náði sú þróun greinilega hámarki í Róm. Eftir að hann var kominn til Kaupmannahafnar árið 1838 urðu formin þó nokkuð mýkri eins og þau aðlöguðust hinum nýju aðstæðum," segir Eva Henschen ennfremur.

Thorvaldsen naut almennrar frægðar í lifanda lífi og eftir dauða sinn. En frægð hans dalaði. Það var með áhuga Dana á erlendri og innlendri nútímalist í lok 19. aldar sem Thorvaldsen féll ekki lengur í kramið. En með „... áhuga á nýklassík undanfarna áratugi má segja að Thorvaldsen hafi verið uppgötvaður á ný. Hann mun aldrei skipa sama sess og hann gerði í samtíð sinni, en hann er að öðlast viðurkenningu í listasögunni sem klassiker sem ber svip af rómantik og sameinar þar þær tvær listastefnur sem ríkjandi voru á hans tíma," segir Bjarne Jørnæs um stöðu Thorvaldsens innan listarinnar.

Albert Thorvaldsen var lengst af í Róm og það er þess vegna sem Íslendingar hafa ekki kynnst verkum hans betur en raun ber vitni. Myndverk hans eiga sér fyrirmyndir er voru Íslendingum framandi fyrr á tíð. Íslendingasögurnar héldu lífinu í þjóðinni og hvöttu hana til dáða. Hugarheimur eddukvæðanna, Hávamála og Völuspár vakti hins vegar ekki áhuga Thorvaldsens. List hans er einstök og þarf náin kynni. Það er því gleðilegt að verk hans komi til Íslands til að bera þessum mesta listamanni Norðurlanda vitni.


Sr. Helgi Konráðsson skrifaði bók um ævi Thorvaldsens (1944) og þótt deila megi um ýmislegt sem þar stendur ritað er viðbúið, að margir muni kynna sér bókina, er sýningin kemur heim, svo og sýningarritið sem hefur að geyma stórfróðlegar ritgerðir um listamanninn, líf hans og starf. En sýningin mun ekki síst leiða hugann að ljóðunum sem Jónas Hallgrímsson orti til Alberts Thorvaldsens, stoltur og þakklátur í garð þessa heimsfræga landa síns. Þar segir Jónas m.a.:

Í höfum norður  
við himin gnæfir  
eyja ísi skygnd  
og eldi þrúngin;  
þar ris í fagra  
feðra þinna  
móður-mold  
úr marar skauti.

-- ij.



Fæðingarstaður Thorvaldsens við Grænugötu 7 í Kaupmannahöfn. Hann fæddist í bakhúsi lóðarinnar nr. 7.



Kristisstytta í kórnum í Frúarkirkjunni í Kaupmannahöfn.



Fyrsta ljósmyndin sem tekin var í Danmörku og hin eina sem til er af Thorvaldsen.



Höggmyndin af Hebu, unnin í marmara.



Thorvaldsenssafn í Kaupmannahöfn. Byggingin var opnuð almenningi árið 1894. En Thorvaldsen sá hana þó rísa. Byggingin er sérstök hvað byggingarlag varðar, og líkist ekki hefðbundnum byggingum Kaupmannahafnar.

Aðstandendur sýningarinnar á Kjarvalsstöðum. Talið frá vinstri: Dyveke Helsted, safnstjóri, og safnverðirnir Eva Henschenn og Bjarne Jørnæs. Í baksýn er upprunalega gífurstytta af Amor og Psykke, en marmaramyndin verður á sýningunni. Fjórir þýskir sérfræðingar voru fengnir til að ná styttni niður af stallinum sem hún var fóst við og pakka henni. Þeir notuðu skinnhanska og krana, en marmaramyndin var meittuð laus. Öllum munum sýningarinnar var pakkað í gáma. Myndverkið Amor og Psykke prýðir auglýsingaspjald sýningarinnar á Íslandi.

(Ljóm. Svend Aage Mortensen, Nordisk Pressefoto.)

